

# UPPLÝSINGARÉTTUR

Inga Þöll Þórgnýsdóttir  
bæjarlögmaður

# Hvað er upplýsingaréttur?

- Fjallar um þær almennu réttarreglur sem gilda um meðferð **stjórnvalda** á upplýsingum og gögnum, þ.m.t. söfnun þeirra, skráning og varðveisla, úrvinnsla upplýsinga við meðferð mála og afhending til annarra, hvort sem er aðila stjórnslumáls, annarra stjórnvalda eða utan að komandi, þ.m.t. til almennings
- Upplýsingar
  - Allt það sem komið hefur til vitundar stjórnvalda
- Gagn
  - Form sem afmarkaðar upplýsingar eru varðveittar á; upptökur, myndir, myndbönd, sms, rafræn skilaboð með hvaða sniði sem er, tölvupóstur, bréf o.fl.

# Upplýsingalög nr. 140/2012

- I. kafli Markmið og gildissvið
- II. kafli Upplýsingaréttur almennings
- III. kafli Aðgangur aðila sjálfs, 14. gr.
- IV. kafli Málsmeðferð
- V. kafli Kæruréttur og úrskurðarnefnd
- VI. kafli Skráning mála o.fl.
- VII. kafli Endurnot opinberra upplýsinga
- VIII. kafli Aðgangur í rannsóknarskyni

# I. Markmið upplýsingalaga – 1. gr.

- Markmið laga þessara er að tryggja **gegnsæi** í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja:
  - 1. upplýsingarétt og tjáningarfrelsi
  - 2. möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi
  - 3. aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum
  - 4. möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni
  - 5. traust almennings á stjórnslunni

# Skylda stjórnvalda að skrá og geyma skjöl

- Forsenda þess að hægt er að afhenda gögn, og vinna skv. markmiðum upplýsingalaga, er góð skjalastjórnun
- 2. mgr. 13. gr. Skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögn
- Stjórnvöld skulu vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Hið sama á við um gagnagrunna og skrár
- Þess skal gætt að birting gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum

# 26.- 27. gr. Skráning mála - skjalastjórnun

- Um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna og upplýsinga fer að ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands
- Skráning upplýsinga um málsatvik og meðferð mála
  - Við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna ber stjórnvöldum, og öðrum sem lög þessi taka til, að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess
  - Sama á við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana, enda komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins.
  - Stjórnvöld skulu að öðru leyti gæta þess að haldið sé til haga mikilvægum upplýsingum, m.a. um samskipti við almenning og önnur stjórnvöld, svo sem með skráningu fundargerða eða minnisblaða. Sama skylda hvílir á lögaðilum skv. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr.

# Geymsla skjala – afhending til skjalasafna

- Stjórnvöldum ber að halda skjölum til haga í tiltekin tíma
- Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 koma fram meginreglur hvenær ber að afhenda skjöl til opinberra skjalasafna
- 15. gr. laga um opinber skjalasöfn
  - Afhendingarskyld skjöl skal afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldri
  - Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri
- Héraðsskjalasafn
- Þjóðskjalasafns

## II. Gildissviðs – 1. mgr. 2. gr.

- **1. Öll starfsemi stjórnvalda**
- Starfsemi sem heyri undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þrískiptingu ríkisvaldsins
  - Tekur ekki til dómstólar og stofnanir Alþingis, svo sem umboðsmann Alþingis
- Tekur til allrar starfsemi sem fram fer á vegum ríkis og sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna, þjónustustarfsemi, samningsgerð, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða aðra starfsemi, sem eftir atvikum gæti jafnvel talist einkaréttarlegs eðlis



# Undanþegið er skv. 4. gr.

- Starfsemi sýslumanns
  - Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggæmslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti,...
- ...né heldur um rannsókn sakamáls eða saksókn
  - Gagn þarf að vera hluti af rannsóknargögnum eða gagn í sakamáli

# Gildissviðs – 2. og 3. mgr. 2. gr.

- **2. Starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera**
- Lög þessi taka til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera
- Undantekningar
  - Fyrirtæki sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra
  - Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplýsingasamfelagid/upplýsingalog/undanthagur-fra-gildissvidi-upplýsingalaga/>
- Gildir ekki um starfsemi/gögn þessara lögaðila í tíð eldri laga – nema þau hafi tengst stjórnvaldsákvörðun

# Gildissvið – 3. gr.

- **3. Einkaaðilar sem falið er opinbert verkefni**

- Lög þessi taka til einkaaðila, hvort sem þeir eru í opinberri eigu eða ekki, að því leyti sem þeim hefur með lögum eða með ákvörðun eða samningi sem byggist á heimild í lögum verið falið að taka stjórnvaldsákvörðun eða sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða telst að öðru leyti liður í opinberu hlutverki stjórnvalds
- Stjórnvaldsákvörðanir eða framkvæmd opinberrar þjónustu
- Markmiðið er að tryggja samræmi og jafnræði borgaranna þegar kemur að framkvæmd opinberrar þjónustu

# Upplýsingalög gilda ekki – 4. gr.:

- Ef stjórnarsýslulög nr. 37/1993 eiga við
  - 15. gr. stjórnarsýslulaga; aðili máls á rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða
- Ef trúnaður ríkir skv. þjóðréttarsamningum
- Ef önnur lög heimila víðtækari aðgang
- Ef sérstök þagnarskylda á við
  - 3. mgr. 4. gr. uppl.; almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum
- Ef gögn eru eldri en 30 ára - þá taka lög 77/2014 við
  - Lög um opinber skjalasöfn
  - 30. gr. laganna fjallar um upplýsingarétt hins skráða

# Mismunandi réttindi til upplýsinga

- Réttur aðila máls í stjórnslumáli
  - 15. gr. stjórnslulaga
- Réttur aðila til upplýsinga um þá sjálfa
  - 14. gr. upplýsingalaga
  - 30. gr. laga um opinber skjalasöfn
  - 18. gr. persónuupplýsingalaga
  - 14. gr. laga um sjúkraskrár
- Réttur almennings
  - 5. gr. upplýsingalaga
  - Lög um upplýsingarétt um umhverfismál
  - Lög um opinber skjalasöfn
  - Ýmsar réttarreglur um opið aðgengi að opinberum skráum (s.s. þinglýsingabókum)

## III. Almennur aðgangur að upplýsingum – 5. gr.

- Sé þess óskað er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr.
- Sama gildir þegar óskað er aðgangs að tilteknum fyrirbyggjandi gögnum
- Ekki er þó skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 3. mgr.
- Réttur til aðgangs að gögnum nær til:
  - 1. allra gagna sem mál varða, þ.m.t. endurrita af bréfum sem stjórnvald eða annar aðili skv. I. kafla hefur sent, enda megi ætla að þau hafi borist viðtakanda
  - 2. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum máls og lista yfir málgögn
- Ef ákvæði 6.–10. gr. um takmarkanir á upplýsingarétti eiga aðeins við um hluta gagns skal veita aðgang að öðrum hlutum þess

# Skyldur þess sem óskar aðgangs – 15. gr.

- Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau eða efni þess máls sem þau tilheyra með nægjanlega skýrum hætti til að hægt sé, án verulegrar fyrirhafnar, að afmarka beiðni við tiltekin gögn eða tiltekið mál
- Setja má það skilyrði að beiðni komi fram á eyðublaði sem lagt er til
- Á stjórnvaldinu hvílir rík leiðbeiningarskylda, en hún er ekki án takmarkana
- Beiðni má í undantekningartilfellum hafna ef meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða krefðist svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni, eða ef sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögætum tilgangi

## IV. Takmarkanir á upplýsingarétti

- Ef stjórnarsýslulögin eiga við (eða önnur lög eiga við)
- Þegar sérstakar trúnaðarreglur eiga við
- Sakamál
- Takmarkanir skv. 6. gr. upl. Gögn undanþegin upplýsingarétti
- Takmarkanir skv. 7. gr. upl. Upplýsingar um málefni starfsmanna
- Takmarkanir skv. 8. gr. upl. Vinnugögn
- Takmarkanir skv. 9. gr. upl. Takmarkanir vegna einkahagsmuna
- Takmarkanir skv. 10. gr. upl. Takmarkanir vegna almannahagsmuna



# Stjórnsýslulögin eiga við

- Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þá gilda upplýsingalög ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum
- Ef aðili máls á rétt á aðgangi að gögnum samkvæmt 15. gr. ssl., þá getur hann ekki beitt upplýsingalögum til að krefjast aðgangs að þeim sömu gögnum. Upplýsingarétturinn er betri skv. ssl.
- Hins vegar geta gögn stjórnsýslumáls fallið undir upplýsingalög – reglan á við ef það er aðili málsins sem óskar aðgangs að gögnum þess

# Sérstakar trúnaðarreglur - þagnarskylda

- Í 4. gr. upplýsingalaga segir að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum
- Dæmi um almennt þagnarskylduákvæði í 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga
  - Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls
- Gagnályktun – sérstök þagnarskylda
- Hinsvegar gilda lög þessi ekki um upplýsingar sem trúnaður skal ríkja um samkvæmt þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að

- Sérstök þagnarskylduákvæði í lögum ganga hins vegar framar upplýsingalögum
- Sérstök þagnarskylduákvæði eru ákvæði sem tilgreina nákvæmlega það sem á að halda trúnað um
- Dæmi um sérstakt þagnarskylduákvæði í 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
  - Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans

## 6. gr. Gögn undanþegin upplýsingarétti

- Réttur almennings til aðgangs að gögnum tekur ekki til:
  - 1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og gagna sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi
  - 2. gagna sem útbúin eru af sveitarfélögum, samtökum þeirra eða stofnunum og varða sameiginlegan undirbúning, tillögugerð eða viðræður þessara aðila við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga,
  - 3. bréfaskipta við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað,
  - 4. gagna sem tengjast málefnum starfsmanna, sbr. 7. gr.,
  - 5. vinnugagna, sbr. 8. gr.

# 7. gr. Upplýsingar um málefni starfsmanna

- Réttur til aðgangs tekur ekki til gagna sem varða umsóknir um störf, framgang í starfi eða starfssamband að öðru leyti
  - ÚU 505/2013 Starfssamband <https://www.unu.is/urskurdir/nr/7774>
- Þó er skylt að afhenda upplýsingar vegna opinberra starfsmanna:
  - Nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf þegar umsóknarfrestur er liðinn,
  - Nöfn starfsmanna og starfssvið
    - ÚU 560/2014 Landlæknir <https://www.unu.is/urskurdir/nr/8328>
  - Föst launakjör annarra en æðstu stjórnenda
    - ÚU 680/2017 Starfslokasamningur Kirkjuráðs <https://www.unu.is/urskurdir/680-2017-urskurdur-fra-26-april-2017>

- Launakjör æðstu stjórnenda
  - ÚU 666/2016 Ráðningarsamningur sviðsstjóra  
<https://www.unu.is/urskurdir/666-2016-urskurdur-fra-30-desember-2016>
- Áherslur og kröfur um árangur í starfi æðstu stjórnenda og upplýsingar um menntun þeirra
- Upplýsingar um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, þar á meðal vegna áminninga og brottvísana, enda séu ekki liðin meira en fjögur ár frá þeirri ákvörðun sem um ræðir

# 8. gr. Vinnugögn

- Vinnuskjöl eru undanþegin upplýsingarétti almennings
- Til þess að skjal sé vinnuskjal verður það að fullnægja þeim skilyrðum að
  - **vera ritað af stjórnvaldi sjálfu**
  - **vera til eigin afnota**
  - **vera til undirbúnings ákvörðunar**
- ÚU 566/2015 Skýrsla um innra starfsumhverfi viðskiptafræðideildar
  - „Af orðalagi 1. mgr. 8. gr. leiðir að til að skjal teljist vinnugagn þarf almennt þremur skilyrðum að vera fullnægt. Gagn þarf þannig í reynd að vera undirbúningsgagn, það skal ritað eða útbúið af starfsmönnum stjórnvaldsins (eða lögaðilans) sjálfs og má ekki hafa verið afhent öðrum. Fyrsta skilyrðið þarfnast ekki sérstakra skýringa en er þó mjög þýðingarmikið við afmörkun hugtaksins. Í öðru skilyrðinu felst það m.a. að gögn sem útbúin eru af utanaðkomandi sérfræðingum, svo sem verktökum, fyrir stjórnvald teljast ekki til vinnugagna í skilningi 8. gr. frumvarpsins.
  - Sú skýrsla sem mál þetta varðar uppfyllir ekki það skilyrði að hafa verið rituð eða útbúin af starfsmönnum Háskólans sjálfs og verður, þegar af þeirri ástæðu, ekki á það fallist að líta megi á hana sem vinnugagn í skilningi 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012“.

# Frh. vinnugagn

- Til vinnugagna teljast einnig eftirtalin gögn, enda fullnægi þau að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.:
- 1. gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað,
- 2. gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki,
- 3. gögn sem send eru milli aðila skv. 2. tölul. og annarra stjórnvalda þegar starfsmenn þeirra eiga þar sæti



- Afhenda ber vinnuskjal

- 1. þar kemur fram endanleg ákvörðun um afgreiðslu máls,
- ÚU 513/2014 Minniblað um stuðning við Hauka <https://www.unu.is/urskurdir/nr/7882>
- 2. þar koma fram upplýsingar sem stjórnvaldi er skylt að skrá skv. 1. mgr. 27. gr.,
- 3. þar koma fram upplýsingar um atvik máls sem ekki koma annars staðar fram,
- 4. þar kemur fram lýsing á vinnureglum eða stjórnsluframkvæmd á viðkomandi sviði
- ÚU 539/2014 PISA-könnun <https://www.unu.is/urskurdir/nr/8070>

## 9. gr. Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, fjárhags- og viðskiptahagsmuna

- Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni **einstaklinga** sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á
  - Almennur mælikvarði. Hvað telst almennt valda takmörkunum vegna einkahagsmuna
  - Friðhelgi einkalífs. Viðkvæmar persónuverndarupplýsingar. Einka- og fjárhagsmálefni.
- Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni **fyrirtækja og annarra lögaðila**
  - Atviksbundinn mælikvarði. Hvað er til þess valdið að geta valdið viðkomandi fyrirtæki tjóni? Viðskiptaleyndarmál? Samkeppni?
- Heimilt er að veita aðgang að upplýsingum sbr. 9. gr. ef sá sem í hlut á hefur veitt ótvírætt samþykki sitt
- Stjórnvaldið ber hér sönnunarbyrðina, og myndi því almennt gera kröfu um skriflegt samþykki

# 10. gr. Takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna

- Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar **mikilvægir almannahagsmunir** krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um:
  - 1. öryggi ríkisins eða varnarmál, 2. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir,
  - 3. efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
  - 4. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra,
  - 5. fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum hins opinbera ef þau yrðu þýðingarlaus eða skiluðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði,
  - 6. umhverfismál ef birting gagnanna getur haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem upplýsingarnar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

# 14. gr. Upplýsingaréttur aðila og aðgangur að hluta skjals

- Skýlt er, sé þess óskað, að veita **aðila sjálfum** aðgang að fyrirliggjandi gögnum ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.
- Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki:
  - 1. um gögn sem talin eru í 6. gr.,
  - 2. um gögn sem hafa að geyma upplýsingar um mikilvæga almannahagsmuni sem leynt eiga að fara skv. 10. gr.
- **Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra**, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um sjúkraskrár
- Ákvæði 5., 11. og 12. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um aðgang aðila að gögnum

# 11. gr. Aukinn aðgangur

- Heimilt er að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en skylt er samkvæmt lögum þessum enda standi aðrar lagareglur því ekki í vegi, þar á meðal ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd
- Þegar stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 2. gr., synja beiðni um aðgang að gögnum á grundvelli 2.–5. tölul. 6. gr. og 10. gr. skal taka afstöðu til þess hvort veita eigi aðgang í ríkari mæli en skylt er, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis

# 12. gr. Brottfall takmarkana á upplýsingarétti

- Eigi aðrar takmarkanir samkvæmt lögum þessum ekki við skal veita aðgang að:
  - 1. gögnum sem 1.–3. tölul. og 5. tölul. 6. gr. taka til þegar liðin eru **átta ár** frá því þau urðu til,
  - 2. gögnum sem 5. tölul. 10. gr. tekur til **jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið**,
  - 3. upplýsingum sem 6. tölul. 10. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.
- Um brottfall annarra takmarkana fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands eftir að liðin eru **30 ár** frá því að gögnin urðu til, sbr. 4. mgr. 4. gr.

## V. Málsmeðferð um beiðni gagna – 15. gr.

- Meginregla kemur fram í 15. gr. upplýsinglaga
  - Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau eða efni þess máls sem þau tilheyra með nægjanlega skýrum hætti til að hægt sé, án verulegrar fyrirhafnar, að afmarka beiðni við tiltekin gögn eða tiltekið mál
- Beiðni má vísa frá ef ekki er talið mögulegt á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga að afmarka hana við tiltekin gögn eða tiltekið mál
- Beiðni má í undantekningartilfellum hafna ef:
  1. meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða krefðist svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni,
  2. sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögumætum tilgangi.
- Setja má það skilyrði að beiðni komi fram á eyðublaði sem lagt er til

- Beiðni skal beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu eða þess sem er með gögn í sinni vörslu
- Málshraðaregla
  - Afgreiða skal beiðni innan sjö daga frá móttöku, en að öðrum kosti skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta
  - Frestur vegna afgreiðslu beiðni um rannsóknargögn skv. 33. gr. er 20 dagar
- Áður en tekin er ákvörðun um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni getur stjórnvald, eða sá sem hefur beiðni til afgreiðslu, skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að fara leynt. Veita skal frest í sjö daga til að svara erindinu.



# Beiðni um aðgang að upplýsingum

- Íbúagátt Akureyrarbæjar
- <https://www.akureyri.is/>